



## Réttindi og þátttaka barna

Samstarfsverkefni í leikskólum, á yngsta stigi grunnskóla og á frístundaheimilum Hafnarfjarðarbæjar



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1. Inngangur .....	2
Hlutverk samstarfsaðila .....	3
Bakgrunnur .....	3
2. Aðferð .....	6
3. Framkvæmd .....	7
4. Niðurstöður .....	15
Viðhorf og þekking starfsfólks í skóla- og frístundastarfi .....	15
Birtingamyndir réttinda barna í skóla- og frístundastarfi .....	16
Helstu áskoranir og hindranir við innleiðingu Barnasáttmálans í skóla- og frístundastarf .....	16
5. Umræður.....	17
Frá þekkingu til starfsmenningar.....	17
Þátttaka barna: frá vali til raunverulegra áhrifa .....	18
Starfendarannsóknir sem afl til breytinga .....	18
Áskoranir .....	19
Sýnileiki Barnasáttmálans og samstarf við foreldra .....	19
Verkefnið í samhengi við stefnu Hafnarfjarðar.....	20
6. Ályktanir .....	20
Lokaorð .....	21
Heimildaskrá.....	22
Viðauki A.....	24

**Verkefnisaðilar:** Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng), Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarbæjar.

**Verkefnisstjóri Barnvæns samfélags:** Þórunn Þórarinsdóttir

**Tímabil:** 2023–2026

**Skýrsluhöfundar:** Anna Magnea Hreinsdóttir, Margrét Sigríður Björnsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir

## 1. Inngangur

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarbæjar unnu að samstarfsverkefni um innleiðingu Barnvæns sveitarfélags með áherslu á starfshætti leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimila Hafnarfjarðarbæjar árin 2022-2025.

Markmið verkefnisins var að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starf leikskóla, yngsta stig grunnskóla og í frístundaheimili í Hafnarfirði með því að skapa vettvang til samtals og ígrundunar og koma þannig á lærdómssamfélagi jafningja. Markmiðið endurspeglar áherslu Hafnarfjarðar á að sérhvert barn í Hafnarfirði njóti öryggis og eigi kost á að þroska hæfileika sína (Hafnarfjörður, 2022). Í samræmi við [heildarstefnu Hafnarfjarðar](#) eru börn virkir þátttakendur í að móta umhverfi sitt og koma á umbótum í nærumhverfi sínu. Börnum sem íbúum bæjarins er gert fært að koma sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri og stuðla þannig að meiri sátt um mál og málefni. Í þessu verkefni var gengið út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt.

[Menntastefna Hafnarfjarðar](#) (Hafnarfjörður, e.d.) leggur áherslu á að skóla- og frístundastarf byggist á vellíðan, félagslegu öryggi, sjálfstæði og virðingu fyrir fjölbreytileika barna, fjölskyldna og samfélagsins. Í stefnunni er lögð áhersla á að skapa hvetjandi aðstæður til náms og frístunda þar sem börn fá tækifæri til að þroska hæfileika sína, sýna frumkvæði, vinna með öðrum og njóta sín í skapandi starfi, leik og daglegum viðfangsefnum á eigin forsendum. Fjögur leiðarljós stefnunnar, sköpun, fjölbreytileiki, vellíðan og samvinna, endurspeglar skýra sýn á réttindi barna og tengjast með beinum hætti. Þar má sérstaklega nefna rétt barna til að njóta verndar og umönnunar, rétt þeirra til að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á eigið líf, rétt til menntunar sem stuðlar að alhliða þroska og rétt til leiks, hvíldar, menningar og skapandi þátttöku. Stefnan felur þannig í sér að börn séu virkir þátttakendur í skóla- og frístundasamfélagi þar sem velferð þeirra, rödd, hæfileikar og fjölbreyttar þarfir eru hafðar að leiðarljósi.

Tilgangur verkefnisins var að auka þekkingu starfsfólks, foreldra og barna á réttindum barna og auka þátttöku barna í daglegu skóla- og frístundastarfi. Ávinningur fyrir börnin er að starfshættir í skólum og frístundaheimilum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Hagnýtt

gildi verkefnisins felst í dæmum um starfshætti skóla og frístundaheimila sem endurspegla áherslur Barnasáttmálans. Fræðilegt gildi verkefnisins felst í að varpa ljósi á hvernig auka má þekkingu starfsfólks skóla og frístundaheimila, barnanna sem dvelja þar og fjölskyldu þeirra á réttindum barna.

### **Hlutverk samstarfsaðila**

Með samstarfsverkefni eins og þessu var myndaður vettvangur lærdómssamfélags þar sem samstarfsaðilar læra hver af og með öðrum til að bæta árangur af starfi sínu (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Aðilar samstarfsverkefnisins skilgreindu hlutverk þeirra í verkefninu á eftirfarandi hátt:

Innleiðing ákvæða Barnasáttmálans í þátttökuskólunum og frístundaheimilum er liður í innleiðingu Heildarstefnu Hafnarfjarðar 2035 og Menntastefnu Hafnarfjarðar. Hlutverk Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar var að fylgjast með innleiðingunni með það fyrir augum að fleiri skólar og frístundaheimili Hafnarfjarðarbæjar geti nýtt sér þá reynslu sem skapast í innleiðingarferlinu og lært af þróunarverkefninu. Einnig að stuðla að kynningu á verkefninu á fundum stjórnenda.

Hlutverk skóla og frístundaheimila var að fræðast um Barnasáttmálann, kortleggja stöðuna í skólunum og frístund, vinna að tilgreindri þróun á starfsháttum í anda Barnasáttmálans og sem lið í innleiðingu Heildarstefnu Hafnarfjarðar 2035 og Menntastefnu Hafnarfjarðar og meta hvernig til tókst. Jafnframt að kynna fyrir öðrum skólum og frístundaheimilum nýja starfshætti.

Markmið RannUng er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 - 8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknarstofunni er ætlað það hlutverk að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu. Hlutverk RannUng í þessu verkefni var að greina stöðuna hjá þátttakendum í upphafi verkefnisins, standa að fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um starfshætti sem styðja við réttindi barna og virka þátttöku og fylgjast með innleiðingaferlinu með heimsóknum, skráningum, viðtölum og endurgjöf. Jafnframt að skrifa lokaskýrslu og ritrýnda grein í fræðirit um ferlið að því loknu.

### **Bakgrunnur**

Stefnumarkandi áherslur Hafnarfjarðar eru mótaðar á grunni meginmarkmiða og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þá er einnig horft til innleiðingar sveitarfélagsins á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hafnarfjarðarbær er [Barnvænt sveitarfélag](#) sem skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði hans með sérstaka áherslu á eftirfarandi grunnþætti:

- Þekkingu á réttindum barna (grein 42)
- Það sem barninu er fyrir bestu (grein 3)
- Jafnræði allra (grein 2)
- Þátttaka barna (grein 12)
- Barnvæn nálgun (grein 6)

Þeir aðilar sem standa að þróunarverkefninu höfðu áhuga á því að laga starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans, m.a. með því að valdefla börnin, hlusta betur á hugmyndir þeirra og stuðla að því að þau hafi raunveruleg áhrif í skóla- og frístundastarfi. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2024) er leikur meginnámsleið barna og því var gert ráð fyrir börnin sem tóku þátt í verkefninu sköpuðu þekkingu um lífið og tilveruna í leik (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Meginmarkmið í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum í Hafnarfirði er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Litið er á barnið sem virkan einstakling í eigin námi og horft er til þess að börn eigi að hafa rödd þegar kemur að skipulagi og áherslum skóla og frístundaheimila. Í skólastarfi í Hafnarfirði er lögð áhersla á vellíðan, félagslegt öryggi og sjálfstæði. Borin er virðing fyrir ólíkum lífsháttum og fjölbreytni. Hvetjandi aðstæður til náms styðja við frumkvæði, samvinnu og sköpun. Börn þróa hæfileika sína á eigin forsendum og njóta stuðnings til að þroskast og dafna (Hafnarfjörður, 2022). Markvisst er unnið að því að öll börn öðlist sterka og heilbrigða sjálfsmynd og trú á eigin getu og nái árangri. Því er lykilatriði að kennarar og annað starfsfólk skóla og frístundaheimila þekki vel til Barnasáttmálans og geti unnið samkvæmt honum og búið börnum umhverfi sem styður við réttindi barna.

Mikilvægur þáttur verkefnisins var að auka þekkingu fullorðinna á réttindum barna. Átti það bæði við um kennara og annað starfsfólk skóla og frístundaheimila en einnig um foreldra. Lögð var áhersla á hvernig starfsfólk skapar börnum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í daglegu starfi, bent var á leiðir sem færar eru til að nálgast sjónarmið barna á aldrinum 1-8 ára og undirstrikað mikilvægi virkrar hlustunar og að virkja áhrifamátt barna. Jafnframt var unnið að því að auka þekkingu foreldra á réttindum barna og mikilvægi góðrar samvinnu við skóla og frístundastarf með hagsmuni barna í fyrirrúmi (Epstein, 2018). Þar er ábyrgð starfsfólks mikil í að móta umhverfi fyrir virka þátttöku fjölskyldna og mikilvægt að þróa farsælar leiðir til þess.

Á undanförunum árum hefur áhersla verið lögð á réttindi barna og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku í skóla- og frístundastarfi. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og fullgiltur á Íslandi 1992 (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992) hefur haft áhrif þar á. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Með lögfestingu Barnasáttmálans hefur verið vakin athygli á samfélagslegri stöðu barna og réttindi barna verið alþjóðlega viðurkennd. Áhersla er lögð á virðingu fyrir sjónarmiðum barna og réttindum þeirra til að hafa áhrif á málefni sem varða þau. Samningurinn tekur einnig á rétti barna á vernd fullorðinna fyrir hugsanlegri skaðlegri reynslu. Lagasetning á Íslandi byggist á samningnum, þar með talin lög um leikskóla nr. 90/2008. Þar er kveðið á um að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (lög um leikskóla nr. 90/2008). Sömu áherslu má finna í [Menntastefnu fyrir árin 2021–2030](#) þar sem kveðið er á um að frá fyrstu tíð skuli rödd nemenda heyrast og þeir fá tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfi sitt (Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030).

Megingildi menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar eru þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni. Stefnan byggir á fimm stoðum sem styðja við þær áherslur sem fram koma í Barnasáttmálanum og aðalnámskrám. Fyrsta aðgerðaráætlunin inniheldur níu aðgerðir sem allar hafa áhrif á leikskólastarf. Má þar einnig finna meðal annars áherslu á raddir barna og áhrifamátt þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021). Verkefnið styður sérstaklega við aðgerð nr. 8 um markvisst samráð stjórnvalda við börn í fyrstu aðgerðaáætlun stjórnvalda til að ná markmiðum menntastefnunnar. Að auki tekur verkefnið mið af viðmiðum um gæði starfs á frístundaheimilum um raddir barna og lýðræðislegt starf í leik (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2021).

Markmið Barnasáttmálans endurspeglast í Aðalnámskrá leikskóla (2011) þar sem einn grunnþáttur menntunar er lýðræði og mannréttindi. Aðalnámskráin fjallar um hugmyndafræði leikskóla og leiðarljós og leikinn sem kjarna leikskólastarfs og helstu námsleið ungra barna. Í samræmi við Barnasáttmálann gætir aukinnar áherslu í námskránni á sjónarmið barna og lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Aðalnámskráin kveður á um að leikskólar meti starf sitt á lýðræðislegan hátt skv. þeim gildum sem sett eru fram í námskránni og reglugerð nr. 893/2009 um mat á leikskólastarfi. Sjá má áherslu á aukna þátttöku barna og virkni í menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar með áherslu á að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt.

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins felst sú skuldbinding að þeir sem vinna með börnum hlusti á þau og taki alvarlega það sem þau hafa að segja þannig að sjónarmið þeirra hafi áhrif á umhverfi þeirra (Brooker, 2001). Á Íslandi hefur rannsóknum með börnum fjölgað á síðastliðnum árum, þar sem rannsakendur hafa leitað eftir sjónarmiðum og reynslu barna af mikilvægum þáttum í lífi þeirra (t.d. Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson, 2012; Hrönn Pálmadóttir og Eva M. Johansson, 2015; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2003; Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2019; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017, 2019). Niðurstöður þessara rannsókna sýna að börn hafa getu til að tjá skoðanir sínar ef viðhorf fullorðinna og sýn til barna byggist á styrkleikum þeirra og hæfni og að viðeigandi aðferðum sé beitt til að nálgast sjónarmið þeirra (Clark, 2020; Clark og Moss 2005). Niðurstöður sýna einnig að ekki skorti vilja meðal kennara að hlusta á börn og virkja áhrifamátt þeirra, en það virðist hins vegar ekki hafa forgang í önnum dagsins (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012).


Rannsóknir hér á landi og í nágrannalöndunum benda til þess að börn hafi oft lítið um skólastarfið að segja og fá ekki raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Í stað þess að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau hafi raunveruleg áhrif, þá virðast börn helst hafa möguleika á að hafa áhrif á einstaklingsbundna þætti sem settir eru fram sem val út frá fyrir fram ákveðnum möguleikum sem kennarar setja fram (Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Ekki er ljóst hvaða áhrif Barnasáttmálinn og rannsóknir með börnum hafa haft á

skólastarf hér á landi, en margir skólar hafa sýnt áhuga á að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt (UNICEF, e.d.).

## 2. Aðferð

Samstarfsrannsókn sem byggir á aðferðum starfendarannsókna er góð uppspretta gagna um skóla- og frístundastarf, þar sem börn og fullorðnir geta tekið þátt í öllum þrepum þróunarverkefnisins. Sú tegund samstarfsverkefnis sem hér um ræðir átti sér stað í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Aðferðin getur varpað ljósi á ólík viðhorf (e. insider view) en einnig gefið dæmi um hvernig fjölbreytt sjónarmið, bæði fullorðinna og barna, geta mótað starfið (Cammarota og Fine, 2008; Ginwright, 2008). Rannsóknin er gerð innan frá en ekki utan frá. Gengið er út frá þekkingu og gildismati starfenda á vettvangi þar sem leikskólakennarar, grunnskólakennarar og starfsfólk frístundaheimila beina sjónum að eigin starfi. Voru þeir hvattir til að halda dagbók á meðan á verkefninu stóð með hugleiðingum sínum um hlutverk sitt í að efla réttindi barna. Rannsóknin er persónuleg en framkvæmd í samvinnu við aðra þar sem þátttakendur á vettvangi vinna saman og í samstarfi við utanaðkomandi aðila, í þessu tilfalli starfsfólk RannUng sem gegndu hlutverki ráðgjafa sem hafa þekkingu á viðfangsefninu (Jóhanna Einarsdóttir, 2009). Markmið starfendarannsóknarinnar var að stuðla að breytingum í starfi en byggt var á ferli starfendarannsókna þar sem starfshættir eru ígrundaðir, settar fram rannsóknarspurningar, ferlið skipulagt og framkvæmt þar sem gögnum er safnað. Ferlið var metið og endurskipulagt reglulega og því er það ekki línulegt, heldur er farið fram og til baka.

Innleiðing Barnasáttmálans skv. ferli starfendarannsókna:



Ferli starfendarannsókna  
(Jóhanna Einarsdóttir, 2009)

- Þátttakendur ígrunduðu þáverandi starfshætti og gildismat og skoðuðu hvernig þeir samræmdust réttindum barna og virkri þátttöku þeirra í skóla- og frístundastarfi.
- Fræðsla um þá þætti sem réttindi barna og virk þátttaka þeirra í skóla- og frístundastarfi byggir á. Þá er átt við þau tækifæri og möguleika sem börn hafa í daglegu starfi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, leiðir til að fá fram sjónarmið ungra barna, mikilvægi virkrar hlustunar og að virkja áhrifamátt barna.
- Hver skóli og frístundaheimili valdi sér þátt í starfinu sem þeir höfðu áhuga á að þróa nánar og gera umbætur á með hliðsjón af þeim þáttum sem réttindi barna og virk þátttaka byggir á.
- Tillögur að breytingum skipulagðar og ræddar á sameiginlegum fundum. Endurgjöf gefin.
- Nýjar starfsaðferðir þróaðar og endurmetnar.
- Fylgst með hvernig umbætur gengu og þær endurmetnar.
- Nýjar starfsaðferðir kynntar.
- Heildarmat á verkefni með þeim sem að því koma.

Starfendarannsóknin sneri ekki eingöngu að því að þátttakendur rannsökuðu starf sitt, heldur fólu þær í sér að hver og einn þeirra hafði áhrif á það sem gerðist og að athafnir leiddu til breytinga. Með því að breyta eigin athöfnum hafði rannsakandinn sjálfur áhrif á útkomuna og valdefldist þannig með þátttöku sinni í ferlinu (Edda Kjartansdóttir, 2010; McNiff, 2013).

### 3. Framkvæmd



Mynd tekin við kynningu og undirskrift 30. maí 2023

Verkefnið var undirritað 30. maí 2023 á skrifstofu Hafnarfjarðarbæjar. Um leið fór fram kynning á vegum RannUng fyrir verðandi þátttakendur og fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Farið var af stað með eftirfarandi verk- og tímaáætlun:

- 2023: Undirbúningur, fræðsla og kortlagning.
- 2024: Innleiðing og þróun nýrra starfshátta.
- 2025-2026: Mat á árangri og lokaskýrsla.

Framkvæmd verkefnisins fólst í fræðslu á sameiginlegum fundum og kortlagningu á vegum RannUng. Samhliða unnu þátttakendur að vali á viðfangsefnum fyrir innleiðingu og þróun nýrra starfshátta á hverri starfsstöð fyrir sig. Tvisvar fóru fram stærri kynningar þátttakenda á stöðu og framvindu verkefnisins, sú fyrri um miðbik verkefnisins og sú síðari við lok þess.

Í verkefninu tóku þátttakendur á vegum RannUng tvö rýnihópaviðtöl við þátttakendur á hverri starfsstöð, annars vegar í upphafi innleiðingarferlisins og hins vegar við lok þess. Viðtölin voru hluti af starfendarannsókninni og höfðu þann tilgang að varpa ljósi á viðhorf starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila til réttinda barna, hvernig réttindi barna birtust í daglegu starfi og hvaða áskoranir og hindranir kæmu fram við innleiðingu réttindamiðaðs skóla- og frístundastarfs. Í upphafsviðtölunum var lögð áhersla á að kortleggja stöðu hverrar starfsstöðvar, þekkingu og reynslu starfsfólks af Barnasáttmálanum, ríkjandi starfshætti og þau tækifæri sem þátttakendur sáu til þróunar. Lokaviðtölin beindust að reynslu starfsfólks af innleiðingarferlinu, þeim breytingum sem höfðu orðið á viðhorfum, starfsháttum og þátttöku barna, sem og þeim þáttum sem reyndust styðja við eða hamlar framgangi verkefnisins. Með því að taka viðtöl bæði í upphafi og lok verkefnisins var unnt að greina þróun yfir tíma og fá fram reynslu þátttakenda af því hvernig fræðsla, ígrundun, samtal og tilraunir með nýja starfshætti mótuðu innleiðingu Barnasáttmálans í daglegu skóla- og frístundastarfi. Rýnihópaviðtölin studdu þannig við markmið starfendarannsóknarinnar um að rannsóknin væri unnin innan frá, byggði á þekkingu og gildismati starfsfólks á vettvangi og stuðlaði að ígrundun, lærdómi og breytingum í starfi.

Haustið 2023 voru haldnir 3 sameiginlegir fundir með öllum starfsstöðvum verkefnisins ásamt fulltrúum frá Hafnarfjarðarbæ. Á þessum fundum voru kynntar þær fimm greinar Barnasáttmálans sem lögð var áhersla á í verkefninu auk þess varið farið yfir ferli og framkvæmd starfendarannsókna.



Vorið 2024 voru haldnir tveir fundir. Á þeim fyrri var farið var yfir stöðu verkefnisins og framhaldið rætt en á þeim síðari voru þátttakendur með kynningar á verkefninu. Haustið 2024 var svo stöðufundur og í janúar 2025 var lokafundur þar sem þátttakendur kynntu afrakstur og reynslu af verkefninu ásamt því að ígrunda framhaldið.

Hér fara á eftir nokkrir punktar frá fundunum sem almennt fóru fram annað hvort í Hraunvallaskóla eða Víðistaðaskóla.

## 1. fundur - Hraunvallaskóli 14. ágúst 2023 kl. 14-16

Frá RannUng: Anna Magnea og Margrét

Á dagskrá:

- Kynning á fyrirkomulagi verkefnisins
- Starfendarannsóknir
- 42. grein – AÐ ÞEKKJA RÉTTINDI BARNNA

Fyrsti fundur með þátttakendum verkefnisins var haldinn í Hraunvallaskóla 14. ágúst 2023. Anna Magnea Hreinsdóttir kynnti fyrirkomulag verkefnisins, starfendarannsóknir og 42. grein Barnasáttmálans - *Allir verða að þekkja réttindi barna.*

Margrét S. Björnsdóttir sá um fundarstjórn og skráði niður þá punkta sem hér koma fram. Því var velt upp hvort það væri nóg að einn bekkur/deild tæki þátt í verkefninu og var það sett í hendur hvernar starfsstöðvar.

Á fundinum sköpuðust góðar umræður tengdar réttindum barna. Má þar nefna:

- húfur í skólastofum.
- hvernig gildi vinnustaðanna samræmast réttindum barna og Menntastefnu Hafnarfjarðar.
- matartíma í leikskólum þar sem börn eru hvött til að gera sem mest sjálf en svo er kannski dregið úr því í grunnskólanum og frístundinni. Mætti mögulega byggja ofan á það sem þau læra í leikskólanum?
- hvernig diskar með mismunandi litum ollu úlfúð í einum leikskóla þar sem börnin voru að „káfa“ á diskunum til að finna sinn uppáhalds lit. Þetta var leyst með því að raða diskum í stafla eftir litum og allir glaðir.
- Lítil reynsla er af starfendarannsóknum í hópnum en þó einhver.

Í framhaldinu fengu þátttakendur það verkefni að raða 10 af greinum Barnasáttmálans í forgangs röð fyrir Hafnarfjarðarbæ. Skiptust þeir í tvo hópa en sjá má áherslur hvors hópsins á myndunum hér að neðan. Þær má afrita og stækka til að sjá betur textann.



Frá vinstri til hægri

## 2. fundur - Víðistaðaskóli 2. október 2023 kl. 14-16

Frá RannUng: Anna Magnea, Margrét og Sara Margrét

Á dagskrá:

- Staðan eftir fyrsta fund
- Umfjöllun um innleiðingu réttinda barna í daglegt starf
- Heilsuhlé
- Umfjöllun um hagsmuni barna
- Leiðir til að nálgast sjónarmið barna
- Samantekt og framhaldið

Kynntar voru tvær greinar Barnasáttmálans:

12. grein - VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA (AMH)

3. grein - ÞAÐ SEM BARNINU ER FYRIR BESTU (SMÓ)

Þátttakendur sögðu frá hvað hefur gerst frá því á síðasta fundi ásamt því sem verið er að vinna með á hverri starfsstöð líkt og áhugasviðsval í Víðistaðaskóla og Barnasáttmálinn í Tjarnarási.

Dæmi um umræður á fundinum:

- Símbann hófst sama dag í Hraunvallaskóla. Þar var nemendum bent á að tekið var tillit til ábendinga þeirra við gerð reglna.
- Er dagskipulag fyrir börn eða fullorðna?
- Hvernig er hlustað eftir og brugðist við mismunandi þörfum barna?

Rætt var um hvaða leiðir mætti fara til að koma verkefninu á framfæri á starfsstöðvunum.

Hér eru hugmyndir:

- Kynna verkefnið á starfsmannafundi
- Prenta út greinar (á TEAMS) og setja á ákveðna staði
- Sýna kynninguna sem fór fram við undirskrift verkefnisins (glærur á TEAMS)

### 3. fundur - Víðistaðaskóli 20. nóvember 2023 kl. 14-16

Frá RannUng: Anna Magnea og Margrét

Á dagskrá:

- Staðan eftir annan fund
- Umfjöllun um 2. gr. Öll börn eru jöfn - Jafnræði allra
- Umfjöllun um 6. gr. Líf og þroski - Barnvæn sveitarfélög
- Næstu skref

Kynntar voru tvær greinar Barnasáttmálans:

2. grein - ÖLL BÖRN ERU JÖFN (AMH)

6. grein - Líf og þroski (AMH)

Þátttakendur sögðu frá hvað hefur gerst frá því á síðasta fundi ásamt því sem verið er að vinna með á hverri starfsstöð líkt og kynningar á deildarfundum leikskóla, lýðræði í hópскиptingum og áhugasviðsvaltar í Víðistaðaskóla. Hafnarfjarðarbær var með matarútboð fyrir skólana. Hugmyndir ræddar um hvernig börnin gætu komið að því. Hvernig hægt væri að spyrja börnin.

Nokkrir punktar sem ræddir voru í tengslum við kynningu 2. og 6. grein sáttmálans:

- Hvað með börn sem ekki skilja íslensku í kennslustundum?
- Lestur í nestistíma - Mætti auka
- Viðbragðssnjall kennari – Hugmynd tengd Barbapabba
- Huga bæði að hópnum og einstaklingnum?
- iPad - Hjálpar til við að vera með verkefni við hæfi
- Nýsköpun - Hugsa málin upp á nýtt
- Endurskoða allar stundir út frá fjölbreytileika barnahópsins

Dæmi um umræður á fundinum: Gildi og gildamenntun. Þau birtast t.d. í leiðarljósum Víðistaðaskóla. Í Hraunvallaskóla er rætt um friðsemd við börnin. Verið er að nota *Tíslu* í lífsleikni í 1. bekk. *Handbók fyrir ofurhetjur* eru áhugaverðar bækur með góðum myndum og boðskap.

Umræður um lengd vinnutíma barna og aðstæður foreldra. *Brúin* er samstarfsvettvangur v/barna. Þar er barnavernd og félagsþjónusta.

Í janúar 2024 heimsóttu þátttakendur RannUng allar starfsstöðvar og tóku rýnihópaviðtöl um stöðuna í upphafi, áhersluatriði hvers staðar og hvert skyldi haldið. Reiknað var með að hver starfsstaður veldi þrjá til fjóra þátttakendur í rýnihópaviðtalið sem tæki um klukkustund.

#### **4. fundur - Hraunvallaskóla 11. mars 2024 kl. 14-16**

Frá RannUng: Anna Magnea, Sara og Margrét

Á dagskrá:

- Mat á stöðu og framhald:
  - o Hvaða þáttur varð fyrir valinu?
  - o Af hverju varð þessi þáttur fyrir valinu?
  - o Hvernig verður framkvæmdin? Hvaða aðferðir/nálganir?
  - o Hvernig verður fylgst með og skráð?
  - o Þurfið þið stuðning í ferlinu og þá hverskonar stuðning?
- Hugleiðingar frá RannUng

*Hraunvallaskóli - Val á viðfangsefni: Bókasafnið - 3. bekkur.*

Síðast liðin þrjú ár hafa verið haldnir vikulegir bekkjarfundir með börnunum í 3. bekk Hraunvallaskóla. Börnin komu með margar hugmyndir eins og t.d. að gera skautasvell en þau sáu sjálf að það yrði sennilega of dýrt. Þau komu með margar aðrar hugmyndir en bókasafnið varð ofan á. Á bekkjarfundum talar eitt barn í einu, en börnin láta hjarta ganga á milli sín sem gefur til kynna hver hefur orðið. Börnin komu með þá hugmynd að 8. bekkur gæti aðstoðað á bókasafninu og fór 3. bekkur í samstarf við þau um umbætur á bókasafninu.

*Tjarnarás - Val á viðfangsefni: Lýðræði í hópastarfi.*

Skoðað var hvernig lýðræði birtist í starfi leikskólans og hvar mætti auka lýðræðislega þátttöku barnanna. Ákveðið var að taka myndbandsupptökur í samverustund og rýna hversu lýðræðislegur hver kennari var. Auk þess að auka við val 2ja ára barna og gefa þeim fleiri tækifæri til að velja hvað þau gera t.d. í listastund. Þau fengu lengri tíma, gátu farið og komið aftur og þurftu ekki að ganga frá. Börnin fengu að kjósa um verkefni. Yngstu og elstu börnin fara saman í göngu til að læra af og styðja við hvert annað.

*Hraunvallaleikskóli - Val á viðfangsefni: Matartímar - Byrjað á nónhressingunni.*

Frelsi í matartímum var lítið. Börn nota mislangan tíma til þess að borða en hafa þurft að sitja þar til öll eru búin. Flæði í nónhressingu gekk vel á elstu deildinni og verið er að yfirfæra yfir á aðrar deildir en yngsta deildin tók ekki þátt strax vegna aðlögunar nýrra barna. Eftir breytingarnar þótti nónhressingin léttari því börnin kvörtuðu minna þegar þau fengu að hafa meiri stjórn á aðstæðum. Stefnt var á að gera breytingar á matartímanum í hádeginu þegar nónhressingin yrði komin á gott ról.

Víðistaðaskóli - Val á viðfangsefni: Áhugasviðsval í 1.-4. bekk.

Áhugasviðsval er 1x í viku í 3 vikur í senn. Börnin velja hvað er í boði í hverri viku. 10 kennarar eru með 120 nemendur úr 1.-4. bekk á 10 stöðvum. Tveir kennarar halda utan um verkefnið, skrá og taka myndir. Hugmyndir koma frá nemendum á bekkjarfundum á föstudögum svo valið geti verið klárt á mánudeginum á eftir. Það eru 13 pláss í hverjum hópi. Árgangar skiptast á að velja fyrst.

Þær sem fara fyrir frístundinni (Sara og Dagbjört) eru að færa sig um set og voru ekki á fundinum.

Stutt upprifjun frá RannUng þar sem minnt var á líkan Lundy, mikilvægi valdajafnvægis, valdeflandi ferli og svo gagnaöflun.

Rætt var hvort þátttaka í verkefninu væri viðbótarvinna eða hvort hún félli inn í starfið. Þátttakendur sögðu verkefnið vera viðbót en ætlunin er að það falli sem mest að starfinu og að uppfylla þær kröfur sem menntamálayfirvöld gera til skóla- og frístundastarfs.

Ákveðið var að næsti fundur yrði mánudaginn 13. maí kl. 14-16 í Háskóla Íslands. Þá yrði lagt mat á stöðu og framhaldið rætt ásamt kynningum þátttakenda.

## 5. fundur – Oddi (HÍ) 13. maí 2024 kl. 14-16

Frá RannUng: Anna Magnea, Sara og Margrét

Á dagskrá:

- Kynningar á vinnu þátttakenda

Fram fóru kynningar frá fimm starfsstöðvum þ.e.:

- Tjarnarási
- Hraunvallaskóla
- Hraunsel frístund
- Hraunvallaleikskóla
- Víðistaðaskóla



Hraunsel

## 6. fundur – Víðistaðaskóli 22. október 2024 kl. 14-16

Frá RannUng: Sara og Margrét

Á dagskrá:

- Mat á stöðu, framhald, hugað að lokum innleiðingar

Rætt var hvað hefur verið í gangi og hvernig það hefur gengið:

*Hraunvallaskóli* - Sara Pálmadóttir sagði frá að nú væri verkefni um bókasafnið komið á góðan stað og að nú væri verið að vinna með vaxtarhugarfar og það tengt Barnasáttmálanum - Börnin fóru á kynningu á leikritinu og sögunni um Fíu Sól og hugmyndin var að tengja það við Barnasáttmálann. Sara hélt kynningu fyrir önnur frístundaheimili á tómsfundadaginn og var með vinnustofu (e. workshop).

*Víðistaðaskóli* - Birna Dís Bjarnadóttir sagði vinnu með áhugsasviðsval ganga vel og búið að festa sig í sessi. Þau ætluðu að finna fleiri þætti til að vinna að. Hún var með lýðræðisþing í tengslum við alþjóðlega mannréttindadaginn sem er haldinn 10. desember ár hvert.

*Hraunkot* - Frístundaheimili Víðistaðaskóla - Rakel Björk Björnsdóttir var nýr deildarstjóri og Íris Grétarsdóttir aðstoðarverkefnastjóri. - Þar var margt í gangi tengt vali, gerðar voru kannanir meðal barnanna, settur upp lýðræðiskassi. Einnig var áhersla á að gera Barnasáttmálann og efni tengt honum meira sýnilegt.

Annað:

- Umræður um bókina Rúnar góði og að henni fylgja verkefni sem má vinna með tengt Barnasáttmálanum.
- Farið var yfir þær greinar sem unnið hefur verið með í tengslum við Barnvænt sveitarfélag og þær ræddar. Einnig var upprifjun á eðli og eiginleikum starfendarannsókna.
- Umræður um hvernig mætti koma vinnunni við verkefnið á framfæri við sveitarfélagið.
- Stefnt á að taka rýnihópaviðtöl í nóvember. Þátttakendur frá RannUng báru ábyrgð á viðtölunum og mæltu sér mót við þátttakendur á vettvangi en viðtölin fóru fram á hverri starfsstöð fyrir sig. Þórunn uppfærði þátttakenda- og netfangalista á TEAMS.
- Stefnt var að því að halda einn fund í lok nóvember þar sem ákveðið var hvernig standa ætti að lokakynningunum, hverjum yrði boðið, staðsetning o.s.frv.

Stefnt var á lokakynningar í lok janúar 2025.

## 7. fundur (lokafundur) – Krosseyri (Linnetstíg 6) – 23. janúar 2025 kl. 13:30-15:30

Frá RannUng: Anna Magnea, Sara og Margrét

Á dagskrá:

- Kynningar á vinnu þátttakenda

Fram fóru kynningar frá fimm starfsstöðvum þ.e.:

- Tjarnarási
- Hraunvallaskóla
- Hraunsel frístund
- Hraunvallaleikskóla
- Víðistaðaskóla



Tjarnarás



Hraunvallaleikskóli

#### 4. Niðurstöður

Hér eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar settar fram í þremur meginþæmum. Niðurstöðurnar byggja á því sem fram kom á reglulegum fundum þátttakenda, á kynningunum og í rýnihópaviðtölunum. Viðtölin sýndu þrjú þæmi: *Viðhorf og þekking starfsfólks í skóla- og frístundastarfi*, annað þæmið er *Birtingamyndir réttinda barna í skóla- og frístundastarfi* og þriðja þæmið er *Helstu áskoranir og hindranir við innleiðingu Barnasáttmálans í skóla- og frístundastarfi*.

##### ***Viðhorf og þekking starfsfólks í skóla- og frístundastarfi***

Viðhorf starfsfólks í leikskólunum tveimur einkenndust af virðingu fyrir börnum, trú á getu þeirra og faglegri ígrundun. Starfsfólk var sammála um að börn eigi rétt á að hafa áhrif á eigið líf og að raddir þeirra skuli teknar alvarlega. Þó var misjafnt hversu markvisst réttindin voru útfærð í starfi og hversu skýrt þau voru tengd Barnasáttmálanum. Almenn tengdi starfsfólk réttindi barna við eigin fagmennsku og lýðræðisleg gildi og leit á þau sem eðlilegan hluta af góðu leikskólastarfi.

Í báðum grunnskólunum sást jákvæð þróun í innleiðingu Barnasáttmálans. Þekking starfsfólks þróaðist úr því að vera brotakennd yfir í að verða hluti af daglegu skólastarfi. Viðhorf til barna breyttist frá því að litið væri á þau sem þátttakendur sem fylgdu ramma kennara yfir í að viðurkenna þau sem virka þátttakendur sem geta haft áhrif á eigið nám og líðan.

Í frístundaheimilunum var þekking á réttindum barna til staðar, þó formfestan væri mismikil. Á öðru frístundaheimilinu hafði fræðslan í upphafi ekki verið markviss en var þróuð í gegnum UNICEF-verkefni og fékk síðar fastara form með „grein vikunnar“ og „barnasáttmálavegg“ sýnilegum börnum og foreldrum. Á hinu frístundaheimilinu þótti þekkingin góð, meðal annars vegna reynslu starfsfólks, en bent var á þörf fyrir skýrari fræðslu og innleiðingu og þá sérstaklega þar sem skortur var á faglærðu starfsfólki.

### ***Birtingamyndir réttinda barna í skóla- og frístundastarfi***

Viðtölin sýndu að réttindi barna birtust í starfi leikskólanna annars vegar sem hluti af markvissri innleiðingu Barnasáttmálans og hins vegar sem innbyggður þáttur í fagmennsku og menningu leikskólanna. Í báðum leikskólum mátti sjá skýr merki um virðingu fyrir réttindum barna. Viðtölin sýndu að börn í báðum leikskólunum hafa margvísleg og raunveruleg tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif, bæði í leik og skipulögðu starfi. Þátttaka þeirra byggist fyrst og fremst á því að þau hafival, að hlustað sé á þau og að starfsfólk meti þau sem hæf og ábyrg.

Í báðum grunnskólunum kom fram jákvæð þróun varðandi tækifæri barna til þátttöku og áhrifa. Bæði áhugasviðsvalið og bókasafnsverkefnið gerðu það að verkum að grunnskólakennararnir töluðu oft um að börnin væru ekki aðeins þátttakendur heldur hefðu raunveruleg áhrif og mikilvæga sýn og skoðanir sem hlusta ætti á í skólastarfi.

Í báðum frístundaheimilum var lögð áhersla á að börn hefðu áhrif á sitt eigið frístundastarf í gegnum val, þátttöku og lýðræðislegar aðferðir. Með leiðum á borð við hugmyndakassa, kosningar, myndrænt valkerfi og ábyrgðarhlutverk var unnið að því að efla sjálfræði, ábyrgð og sjónarmið barna. Jafnframt var Barnasáttmálinn gerður sýnilegur með fræðslu og skipulagi sem studdi við réttindi barna til öryggis, virðingar og þátttöku.

### ***Helstu áskoranir og hindranir við innleiðingu Barnasáttmálans í skóla- og frístundastarf***

Í leikskólunum komu fram að ólík viðhorf til réttinda barna gætu skapað togstreitu milli þess að styðja áhrif barna og vernda þau, sérstaklega með yngri börnum. Starfsfólk lagði áherslu á mikilvægi faglegrar ígrundunar um hversu miklu börn ættu að ráða, en tímapressan gerði slíka ígrundun oft erfiða. Bent var á að innleiðing réttinda barna þyrfti að vera samþætt núverandi starfsháttum frekar en viðbót við þá.

Í grunnskólunum var vilji til áframhaldandi þróunar á réttindamiðuðu skólastarfi, en grunnskólakennarar töldu þörf á meiri festu til dæmis með föstum tíma í stundaskrá og skýrum ábyrgðaraðilum sem knýja þróunina áfram. Í öðrum grunnskólanum var sérstaklega nefnt að

áskorun fælist í því að haga námsframboðinu þannig að það hentaði öllum nemendum, þar á meðal þeim sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og börnum með fötlun. Forföll kennara voru einnig talin hindrun.

Í frístundaheimilunum var meðvitund um réttindi barna almennt sterk en hindranir komu þó fram. Mest bar á skorti á tíma og mannafla, sem hafði í einhverjum tilvikum tafið verkefnið og leitt til þess að starfsfólk treysti sér ekki í ný verkefni. Þá var bent á að þrátt fyrir að börn hefðu komið með ábendingar, til dæmis um mat, hefði lítið verið brugðist við þeim í reynd.

## 5. Umræður

Verkefnið Réttindi og þátttaka barna var unnið með það að leiðarljósi að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starf leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimila í Hafnarfirði. Niðurstöður benda til þess að innleiðingarferlið hafi skilað sér í aukinni meðvitund starfsfólks um réttindi barna, breyttum viðhorfum til þátttöku þeirra og fjölbreyttum leiðum til að gera Barnasáttmálann sýnilegan í daglegu starfi. Umræðurnar hér á eftir snúa að því að setja niðurstöðurnar í samhengi við þann fræðilega grunn sem verkefnið byggir á, draga fram lykilþætti sem styðja við áframhaldandi þróun og benda á það sem þarf frekari úrvinnslu.

### *Frá þekkingu til starfsmenningar*

Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins var að auka þekkingu starfsfólks á réttindum barna í samræmi við 42. grein Barnasáttmálans. Niðurstöður sýna að þekking starfsfólksins þróaðist úr því að vera brotakennd yfir í að verða samofin daglegu starfi á flestum starfsstöðvum. Það er í samræmi við þá hugmyndafræði sem Anna Kristín Sigurðardóttir (2013) lýsir um lærdómssamfélagið, þar sem þekking verður til í samtali jafningja og þróast með ígrundun á eigin starfi. Sameiginlegir fundir starfsstöðvanna virðast hafa gegnt lykilhlutverki í þessu ferli; þeir sköpuðu vettvang þar sem starfsfólk gat speglað eigin starfshætti í reynslu annarra og nýtt sér fræðsluna til að dýpka skilning sinn á réttindum barna.

Athygli vekur að viðhorf starfsfólks í leikskólunum tveimur einkenndust þegar í upphafi af virðingu fyrir börnum og trú á getu þeirra. Það er í samræmi við þær áherslur sem fram koma í Aðalnámskrá leikskóla (2011) og rannsóknum Jóhönnu Einarsdóttur og Hrannar Pálmadóttur (2019) þar sem áhersla er lögð á barnið sem hæfan einstakling. Í leikskólunum fólst verkefnið því ekki í að læra að bera virðingu fyrir börnum heldur að skapa umgjörð til að tengja eigin fagmennsku við Barnasáttmálann og útfæra hann markvissar í starfi. Viðhorf grunnskólakennaranna fór frá því að lítið væri á börn sem þátttakendur, sem fylgja ramma kennara, yfir í að viðurkenna þau sem virka þátttakendur sem geta haft raunveruleg áhrif. Líkt og Jóhanna Einarsdóttir (2022) hefur bent á fá oft tækifæri til þess að hafa áhrif á einstaklingsbundna þætti innan þess ramma sem kennarar leggja fyrir. Því er mikilvægt að kennarar og starfsfólk frístundaheimila rýni í skipulag og starfshætti með tilliti til þess hvernig þeir styðja við eða draga úr réttindum barna til að hafa áhrif.

### ***Þátttaka barna: frá vali til raunverulegra áhrifa***

Áhugavert er að bera niðurstöður verkefnisins saman við þær efasemdir sem fyrri rannsóknir hafa vakið um þátttöku barna í skólastarfi. Rannsóknir benda til þess að börn hafi oft lítið um skólastarfið að segja og fá takmörkuð tækifæri til lýðræðislegrar ákvarðanatöku (Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Niðurstöður þessa verkefnis benda til þess að í þátttökuskólunum og frístundaheimilunum hafi orðið umtalsverð breyting í átt að auknu lýðræði. Dæmi um þetta eru bekkjarfundir í Hraunvallaskóla þar sem 3. bekkur valdi sjálfur að vinna með bókasafnið, áhugasviðsval í Víðistaðaskóla þar sem hugmyndir koma frá nemendum á föstudegi og verða útfærðar í valið á mánudegi, lýðræðiskassar og myndrænt valkerfi á frístundaheimilunum, aukin áhrif barna í hópastarfi í Tjarnarási og innleiðing flæðis í matartímum á Hraunvallaleikskóla þar sem börnin fengu meira frelsi og frumkvæði.

Þessi dæmi sýna að þátttaka barna er ekki aðeins formleg heldur einnig efnisleg. Börnin koma með hugmyndir, þær eru útfærðar og þau sjá afrakstur þátttöku sinnar. Það samrýmist líkani Lundy (2007) sem rifjað var upp á fundum verkefnisins og leggur áherslu á rými, rödd, áheyrn og áhrif. Það nægir ekki að veita börnum tækifæri til þess að tjá sig, sjónarmið þeirra þurfa að fá vægi þar sem þau sjá að hlustað er á þau. Símbannið í Hraunvallaskóla er gott dæmi um þetta þar sem nemendum var bent á að tekið hefði verið tillit til ábendinga þeirra við gerð reglna, sem styrkir bæði traust og skilning þeirra á því að þátttaka skipti raunverulegu máli. Á móti komu fram dæmi um að þrátt fyrir að börn kæmu með ábendingar, t.d. um matinn á frístundaheimilum, hefði lítið verið brugðist við þeim í reynd. Þetta ósamræmi milli formlegrar þátttöku og raunverulegra áhrifa er sá þáttur sem þarfnast einna mestrar athygli í áframhaldandi vinnu.

### ***Starfendarannsóknir sem afl til breytinga***

Aðferðir starfendarannsókna reyndust vel sem rammi um innleiðinguna. Sérstaða aðferðanna er að gengið er út frá þekkingu og gildismati starfsfólks á vettvangi og rannsóknin er gerð innan frá en ekki utan frá (Jóhanna Einarsdóttir, 2009; McNiff, 2013). Það endurspeglast að einhverju marki í niðurstöðunum: hver starfsstöð valdi sér viðfangsefni tengt eigin starfi (bókasafnið, áhugasviðsval, lýðræði í hópastarfi, matartímar, lýðræðiskassar o.fl.) og þróaði nýja starfshætti í gegnum ígrundun, prófun og endurmat. Það stuðlar að valdeflingu starfsfólks í anda þess sem Edda Kjartansdóttir (2010) lýsir, þar sem þátttakendur upplifa sig sem virka mótendur eigin starfs.

Lítill reynsla var af starfendarannsóknum í þátttakendahópnum í upphafi og því þurfti starfsfólkið fræðslu og stuðning í gegnum rannsóknarferlið. Aðferðin varð því mikilvægur lærdómur fyrir þátttakendur og getur nýst áfram bæði við áframhaldandi þróun þessa verkefnis sem og annarra. Vettvangur ígrundunar og samtals sem skapaðist á sameiginlegum fundum er því þýðingarmikill ávinningur verkefnisins og samræmist þeirri stefnumörkun Hafnarfjarðar að sveitarfélagið skuli vera vettvangur lærdóms og lýðræðislegra starfshátta.

## **Áskoranir**

Í niðurstöðunum kom fram togstreita sem rétt er að nefna. Í fyrsta lagi togstreita milli verndar og sjálfræðis, sérstaklega þegar um yngstu börnin var að ræða. Starfsfólk leikskólanna lagði áherslu á mikilvægi faglegrar ígrundunar um hversu miklu börn ættu að ráða. Tímapressan í daglegu starfi hamlaði þeirri ígrundun. Togstreita milli verndar og sjálfræðis tengist 3. grein Barnasáttmálans um það sem barninu er fyrir bestu og 12. grein um réttindi barna til að hafa áhrif. Algengt sjónarmið er að fullorðnir viti hvað börnum er fyrir bestu og því taki þeir ákvarðanir fyrir þeirra hönd. Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila hafi tíma, rými og tækifæri til að taka þessa umræðu reglulega.

Í öðru lagi kom fram að innleiðing réttinda barna þurfi að vera samþætt núverandi starfsháttum frekar en viðbót við þau. Í byrjun upplifðu þátttakendur verkefnið sem viðbótarvinnu en það þróaðist yfir í að falla betur að daglegu starfi og verða hluti þess. Þetta er lykilatriði fyrir sjálfbærni slíkra verkefna þ.e. ef starfsfólk upplifir réttindamiðað starf sem aukaálag mun það víkja þegar á reynir. Ef það nær að verða samofið daglegu skipulagi eru meiri líkur á að það lifi áfram bæði eftir að verkefninu lýkur og þegar mannabreytingar verða.

Í þriðja lagi voru nefndar áhyggjur sem tengjast forföllum kennara, skorti á tíma og mannafla auk aðstæðum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og barna með fötlun. Það minnr á að réttindamiðað starf er ekki einsleitt og kallar á aðgengi, sveigjanleika og fjölbreytni í aðferðum og leiðum. Í Víðistaðaskóla var sérstaklega bent á þessa áskorun og hana ber að hafa sérstaklega í huga í áframhaldandi þróun á réttindamiðu starfi.

Í fjórða lagi kom fram að þörf væri á meiri festu í grunnskólunum, til dæmis með föstum tíma í stundaskrá og skýrum ábyrgðaraðilum sem knýja þróunina áfram. Þetta endurspeglar þá staðreynd að menningarbreytingar í skólastarfi haldast sjaldnast af sjálfu sér; þær krefjast skipulagslegs stuðnings, leiðtoga sem fylgja þeim eftir.

## **Sýnileiki Barnasáttmálans og samstarf við foreldra**

Eitt af því sem skilaði sér ápreifanlega var aukinn sýnileiki Barnasáttmálans á starfsstöðvunum. Dæmi eru „grein vikunnar“ og „barnasáttmálaveggur“ á frístundaheimilum, vinna með bókina *Rúnar góðj*, leikrit og sögur tengdar Barnasáttmálanum og umræður um réttindi barna á bekkjarfundum. Þessi sýnileiki gegnir tvíþættu hlutverki: hann styður við þekkingu barna á eigin réttindum, í anda 42. greinar, og minnr starfsfólk og foreldra reglulega á þá hugmyndafræði sem starfið hvílir á.

Foreldrasamstarfið fær ekki sömu áherslu í niðurstöðum og innra starfið og er það þáttur sem þyrfti að skoða betur. Í verkefnislýsingu var lögð áhersla á að auka þekkingu foreldra á réttindum barna og mikilvægi góðrar samvinnu við skóla- og frístundastarf (Epstein, 2018). Þrátt fyrir sýnileika Barnasáttmálans í daglegu starfi er ekki ljóst af niðurstöðunum að hve miklu leyti foreldrar hafi tekið virkan þátt í innleiðingunni. Það er eitt af því sem rétt er að þróa frekar.

## **Verkefnið í samhengi við stefnu Hafnarfjarðar**

Verkefnið er hluti af stefnu Hafnarfjarðarbæjar um að vera barnvænt sveitarfélag og styður sérstaklega við Heildarstefnu Hafnarfjarðar 2035 og Menntastefnu sveitarfélagsins. Niðurstöðurnar sýna að innleiðing Barnasáttmálans byggir á bæði fræðslu og breytingum á viðhorfum og starfsháttum: hvernig matartímar eru skipulagðir, hvernig val barna er útfært, hvernig hlustað er á sjónarmið þeirra um reglur og umhverfi og hvernig starfsfólk ígrundar eigin valdastöðu gagnvart börnunum. Það samræmist áherslum menntastefnunnar 2030 og aðgerðar 8 um markvisst samráð stjórnvalda við börn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021) og styður við þá sýn að börn séu sérfræðingar í eigin lífi og virkir þátttakendur í samfélaginu.

Sú reynsla sem skapast hefur á þáttökustöðvunum felur í sér mikilvægt tækifæri fyrir Hafnarfjarðarbæ til að efla áfram réttindamiðað skóla- og frístundastarf. Mennta- og lýðheilsusvið skilgreindi frá upphafi það hlutverk sitt að fylgjast með innleiðingunni þannig að fleiri skólar og frístundaheimili gætu nýtt sér þá þekkingu og reynslu sem yrði til í verkefninu. Næstu skref felast því í að miðla markvisst þeim lærdómi sem þátttakendur hafa þróað, skapa áframhaldandi stuðning og formlega umgjörð um innleiðinguna og tryggja að leiðtogar á ólíkum starfsstöðvum hafi svigrúm og ábyrgð til að fylgja henni eftir. Með þeim hætti getur verkefnið orðið grunnur að víðtækari þróun þar sem réttindi barna, þátttaka þeirra og áhrif verða sýnilegur og sjálfsagður hluti af skóla- og frístundamenningu Hafnarfjarðar.

## **6. Ályktanir**

Niðurstöður verkefnisins benda til þess að markvisst og skipulagt þróunarstarf, byggt á aðferðum starfendarannsóknna og sameiginlegri ígrundun starfsstöðva, geti aukið vægi Barnasáttmálans í daglegu skóla- og frístundastarfi. Þátttakendur hafa gert Barnasáttmálann að lifandi viðmiði sem hefur áhrif á starfshætti, reglur og samskipti við börn og fjölskyldur þeirra. Þrjár meginályktanir má draga af verkefninu.

Í fyrsta lagi, að innleiðing Barnasáttmálans tekst best þegar hún er samofin daglegu starfi og samþætt öðru námi. Þau verkefni sem þátttakendur völdu sjálfir (bókasafn, áhugasviðsval, matartímar, lýðræðiskassar) urðu hluti af menningu starfsstöðvanna vegna þess að starfsfólk valdi þau út frá eigin starfi og þróaði þau í eigin samhengi.

Í öðru lagi, að lærdómssamfélag þvert á starfsstaði og skólastig er verðmætur vettvangur fyrir faglega þróun. Sameiginlegir fundir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila virkuðu sem spegill þar sem þátttakendur fengu að kynnast því hvernig aðrir nálguðust sömu viðfangsefni. Slíkt þverfaglegt samtal ætti að vera fyrirmynd í áframhaldandi þróunarstarfi og í samfelli milli skólastiga.

Í þriðja lagi verður raunveruleg þátttaka barna ekki tryggð nema valdatengsl barna og fullorðinna séu tekin til ígrundunar. Það er ekki nóg að bjóða upp á val innan þess ramma sem fullorðnir hafa þegar mótað; börnin þurfa að geta haft áhrif á rammann sjálfan og séð að ábendingar þeirra leiði til

breytinga. Það krefst fagmennsku, ígrundunar og kjarks af hálfu starfsfólks ásamt stuðnings frá stjórnendum og sveitarfélagi.

### **Lokaorð**

Verkefnið Réttindi og þátttaka barna sýnir að það er bæði mögulegt og áhrifaríkt að innleiða Barnasáttmálann markvisst í daglegt starf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Lykillinn er að hafa starfsfólkið með í vegferðinni, gefa því rými til ígrundunar, byggja brýr milli starfsstöðva og skólastiga og umfram allt taka börnin alvarlega sem þá sérfræðinga í eigin lífi sem þau eru. Hafnarfjörður hefur með þessu verkefni lagt grunn að starfsmenningu þar sem réttindi barna eru hluti af daglegu starfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Verkefninu lýkur formlega vorið 2026 en sá grunnur sem lagður hefur verið ætti að vera vegvísir um áframhaldandi innleiðingu réttinda barna í stofnanir Hafnarfjarðarbæjar.

## Heimildaskrá

- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir & Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstj.). *Skólastarf í ljósi fagmennsku*, bls. 35–54. Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4331>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Brooker, L. (2001). *Doing early childhood research. International Perspectives on Theory and Practice*. Routledge.
- Cammarota, J. and Romero, A.F. (2009). ‘A social justice epistemology and pedagogy for Latina/o students: Transforming public education with participatory action research’ *New Directions for Youth Development*, (123), 53–65; 12.
- Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), *Transforming early education in England: Towards a democratic education* (bls. 134–151). UCL Press.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). Listening to young children. National Children’s Bureau; Rowntree Foundation. Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. National Children’s Bureau.
- Edda Kjartansdóttir. (2010). Starfendarannsóknir til valdeflingar: Með rannsóknum á eigin störfum geta kennarar öðlast vald yfir þekkingunni á fagi sínu. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/007.pdf>
- Epstein, J.L. (2018). *School, Family, and Community Partnerships: Your Handbook for Action* (4. útgáfa). Corwin.
- Ginwright, S. and Cammarota, J. (2007). ‘Youth activism in the urban community: learning critical civic praxis within community organizations’ *International Journal of Qualitative Studies in Education*, 20(6), 693–710. DOI: 10.1080/09518390701630833.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson. (2012). Trú leikskólabarna á eigin getu: Nokkur tilbrigði við aðferðafræðileg stef úr kenningu Bandura. *Tímarit um uppeldi og menntun* 21(2), 113–138.
- Hafnarfjörður. (2022). *Hafnarfjörður 2035. Heildarstefna og innleiðing heimsmarkmiða*. [https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/Nidurstodur\\_heildstaedrar\\_stefnumotunar.pdf](https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/Nidurstodur_heildstaedrar_stefnumotunar.pdf)
- Hafnarfjörður. (e.d.). *Menntastefna Hafnarfjarðar*. <https://hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-og-born/menntastefna>
- Hrönn Pálmadóttir og Eva M. Johansson (2015). Young children’s communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years an International Journal of Research and Development* 35(3), 1-14. DOI: 10.1080/09575146.2015.1048429

- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Yngstu börnin: samfélag í leik. *Tímarit um uppeldi og menntun* 21(2), 43–69.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir (2003) Principles underlying the work of Icelandic preschool teachers, *European Early Childhood Education Research Journal*, 11:1, 39-53.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2009). *Starfendarannsóknir*. RannUng. <http://docplayer.net/45974181-Starfendarannsoknir-johanna-einarsdottir.html>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2022). Bernskurannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir (Ritstj.), *Menntun ungra barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir (2019). Hvaða augum líta börn leikskólakennara? Hlutverk og miðlun gilda í leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. [http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun\\_barna\\_leik\\_grunn/01.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/01.pdf) DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.33>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- McNiff, J. (2013). *Action Research: Principles and Practice*. Routledge
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Menntastefna 2030. Aðgerðaráætlun 1*.
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald, nr. 893/2009.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992).
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2017 – Innsýn í leikskólustarf*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. [http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/002.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf)
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2019). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun* 29(2), 113–131.
- UNICEF. (e.d.). Réttindaskóli UNICEF. <https://unicef.is/rettindaskoli>
- Þingskjal nr. 1111/2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.

## Viðauki A

Myndir frá kynningum þátttakenda á lokafundi í Krosseyri – 23. janúar 2025:



Tjarnarás leikskóli



Hraunvallaleikskóli





Víðistaðaskóli



Hraunvallaskóli



Hraunkot



Myndir úr bók barna um Barnasáttmálann - Hraunvallaskóli